

Fasteignasjóður Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

Ársreikningur 2021

Fasteignasjóður Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga
Sölvhólgötu 7
150 Reykjavík
kt. 510211-0140

Efnisyfirlit

	Bls.
Staðfesting ársreiknings.....	3
Áritun ríkisendurskoðanda	5
Áritun endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	7
Efnahagsreikningur	8
Sjóðstreymi	10
Skýringar	11

Staðfesting ársreiknings

Við yfirfærslu á málefnum fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga 1. janúar 2011 var stofnaður sérstakur fasteignasjóður, Fasteignasjóður Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, sem annast fasteignir sem nýttar eru í þjónustu við fatlaða.

Á árinu 2021 nam tekjuafgangur sjóðsins 538,2 m.kr. Samkvæmt efnahagsreikningi í árslok námu eignir alls 5.893 m.kr, skuldir 3,8 m.kr. og eigið fé 5.889,2 m.kr.

Innviðaráðherra staðfestir ársreikning Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2021 með áritun sinni.

Reykjavík, október 2022

Undirritað rafrænt

Sigurður Ingi Jóhannsson
innviðaráðherra

Undirritað rafrænt

Guðný Sverrisdóttir
formaður ráðgjafarnefndar
Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

Áritun ríkisendurskoðanda

Til innviðaráðherra

Forsendur, hlutverk og ábyrgð ríkisendurskoðanda

Ríkisendurskoðandi starfar á grundvelli laga nr. 46/2016, um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga og siðareglur alþjóðasamtaka ríkisendurskoðanna. Hlutverk ríkisendurskoðanda er að tryggja að fram fari endurskoðun og eftirlit í samræmi við 4. gr. laganna.

Ríkisendurskoðandi ber húsbóndaábyrgð á störfum þeirra endurskoðenda sem starfa hjá Ríkisendurskoðun og framkvæma endurskoðun á grundvelli laga um endurskoðendur og endurskoðun, lögum um ársreikninga og þeim almennu reglum sem þeir hlíta samkvæmt alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum.

Endurskoðunin var framkvæmd í samræmi við lög nr. 46/2016 um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga.

Ríkisendurskoðun, 2022

Undirritað rafrænt

Guðmundur Björgvin Helgason,
ríkisendurskoðandi.

Áritun óháðra endurskoðenda

Til innviðaráðherra

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2021. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn sýni glögga mynd af fjárhagsstöðu Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 31. desember 2021, afkomu sjóðsins og breytingu á handbæru fé á árinu 2021, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla fyrir opinbera aðila. Ábyrgð samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér á eftir. Við erum óháð Fasteignasjóði Jöfnunarsjóðs og höfum starfað í samræmi við lög nr. 94/2019 um endurskoðendur og endurskoðun og siðareglur. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á ársreikningnum.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur er ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er að sé til staðar við gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit á ársreikningnum.

Nægjanleg víska er mikið öryggi, en ekki trygging þess að endurskoðun sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Áritun óháðra endurskoðenda frh.

Endurskoðun var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla fyrir opinbera aðila og hún byggir á faglegri dómgreind og gagnrýnni hugsun. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að undirbyggja álit á reikningnum. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, villandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá reglum innra eftirlits.
- Öflum skilnings á innra eftirliti í þeim tilgangi að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir og meta hvort það tryggir viðunandi árangur.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda ásamt tengdum skýringum séu viðeigandi í samræmi við reikningsskilareglur.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi sjóðsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu og innihald, þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórnendur sjóðsins um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar. Jafnframt var upplýst um mikilvæg atriði sem fram komu við endurskoðunina, þar á meðal eftir atvikum verulega annmarka á innra eftirliti.

Ríkisendurskoðun, 2022

Undirritað rafrænt

Óskar Sverrisson,
endurskoðandi

Rekstrarreikningur árið 2021

Tekjur	Skýr.	2021	2020
Framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.....	1	<u>605.000</u>	<u>570.000</u>
Tekjur alls		<u>605.000</u>	<u>570.000</u>
Framlög			
Framlag í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga.....	2	<u>200.933</u>	<u>139.944</u>
Rekstrarkostnaður			
Annar rekstrarkostnaður.....	3	<u>2.481</u>	<u>1.960</u>
Rekstrarkostnaður samtals		<u>2.481</u>	<u>1.960</u>
Framlög og gjöld alls		<u>203.414</u>	<u>141.905</u>
Rekstrarhagnaður.....		401.586	428.095
Hreinar fjármunatekjur.....	4	<u>136.660</u>	<u>138.445</u>
Tekjuafgangur ársins		<u><u>538.246</u></u>	<u><u>566.541</u></u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2021

Eignir	Skýr.	31.12.2021	31.12.2020
Fastafjármunir:			
Skuldabréf.....	6	1.905.321	1.945.666
Fastafjármunir samtals		1.905.321	1.945.666
Veltufjármunir:			
Áfallnar vaxtatekjur.....		8.748	9.053
Aðrar skammtímakröfur.....	5	717.250	2.123.462
Næsta árs afborganir skuldabréfa.....	6	98.397	113.050
Bankareikningar.....		3.163.289	1.161.859
Skammtímakröfur samtals		3.987.684	3.407.423
Eignir alls		5.893.005	5.353.089

Efnahagsreikningur 31. desember 2021

	Skýr.	31.12.2021	31.12.2020
Skuldir og eigið fé			
Eigið fé			
Höfuðstóll.....	7	<u>5.889.190</u>	<u>5.350.944</u>
Skammtímaskuldir:			
Ógreiddur fjármagnstekjuskattur.....		1.925	1.992
Aðrar skammtímaskuldir.....		<u>1.890</u>	<u>154</u>
Skammtímaskuldir samtals		<u>3.815</u>	<u>2.145</u>
Skuldir samtals		<u>3.815</u>	<u>2.145</u>
Skuldir og eigið fé alls		<u><u>5.893.005</u></u>	<u><u>5.353.089</u></u>

Sjóðstreymi árið 2021

	Skýr.	2021	2020
Rekstrarhreyfingar:			
<i>Veltufé frá rekstri</i>			
Tekjuafgangur samkvæmt rekstrarreikningi.....		538.246	566.541
Verðbætur skuldabréfa.....		(56.974)	(45.580)
Veltufé frá rekstri		<u>481.272</u>	<u>520.960</u>
 <i>Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:</i>			
Skammtímakröfur (hækkun), lækkun.....		1.406.516	(2.122.401)
Skammtímaskuldir (lækkun), hækkun.....		1.670	(33.507)
		<u>1.408.186</u>	<u>(2.155.908)</u>
Handbært fé (til rekstrar) / frá rekstri		<u>1.889.458</u>	<u>(1.634.948)</u>
 <i>Fjárfestingahreyfingar</i>			
Afborganir.....		<u>111.972</u>	<u>115.107</u>
Fjárfestingahreyfingar		<u>111.972</u>	<u>115.107</u>
 (Lækkun) hækkun á handbæru fé.....			
		2.001.430	(1.519.840)
Handbært fé í ársbyrjun.....		<u>1.161.859</u>	<u>2.681.700</u>
Handbært fé í árslok		<u><u>3.163.289</u></u>	<u><u>1.161.859</u></u>

Skýringar

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningur Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga er gerður með sama hætti og tíðkast hjá A-fluta stofnunum í samræmi við lög um opinber fjármál nr. 123/2015.

Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur

Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur eru metnar á kostnaðarverði.

Handbært fé

Til handbærs fjár telst óbundin innstæða á bankareikningi.

Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir eru færðar á kostnaðarverði.

Bókhald

Fjársýsla ríkisins sér um bókhald og greiðslur fyrir sjóðinn.

Skattar

Eins og aðrar stofnanir sem ríki og sveitarfélög bera ótakmarkaða ábyrgð á þá er Fasteignasjóður Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga undanþeginn skattskyldu tekjuskatts, sbr. 4. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt.

Framlag úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga

- 1 Framlag úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga í Fasteignasjóð Jöfnunarsjóðsins, sbr. 13 gr. a. í lögum nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga.

	2021	2020
Frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga	<u>605.000</u>	<u>570.000</u>

Framlög

- 2 Framlag til Jöfnunarsjóðsins er á grundvelli reglugerðar um Fasteignasjóð Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga nr. 280/2021 þar sem heimilað er að ráðstafa söluandvirði fasteigna og öðrum tekjum Fasteignasjóðsins umfram gjöld til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga	<u>200.933</u>	<u>139.944</u>
---------------------------------------	----------------	----------------

Skýringar

Annar rekstrarkostnaður

3	Bókhald og annar sérfræðikostnaður.....	2.413	1.899
	Rekstrarkostnaður.....	68	62
		<u>2.481</u>	<u>1.960</u>

Fjármunatekjur

4 Fjármunatekjur greinast þannig:

	Vaxtatekjur og verðbætur.....	158.714	164.217
	Dráttarvaxtagjöld.....	(19)	(18)
	Fjármagnstekjuskattur.....	(22.035)	(25.753)
		<u>136.660</u>	<u>138.445</u>

Aðrar skammtímakröfur

5 Aðrar skammtímakröfur greinast þannig:

	Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, staða	716.965	2.123.194
	Aðrar kröfur	285	268
		<u>717.250</u>	<u>2.123.462</u>

Skuldabréf

6 Skuldabréfin eru verðtryggð jafngreiðslulán með 2% vöxtum. Almennt er lánstíminn 25 ár.

	Staða skuldabréfa í árslok	2.003.718	2.058.716
	Næsta árs afborganir	(98.397)	(113.050)
	Skuldabréfaeign í efnahagsreikningi	<u>1.905.321</u>	<u>1.945.666</u>

Eigið fé

7	Yfirlit um breytingu á eigin fé greinist þannig:	2021	2020
	Höfuðstóll 1/1	5.350.944	4.784.403
	Tekjuafgangur ársins	538.246	566.541
	Höfuðstóll 31/12	<u>5.889.190</u>	<u>5.350.944</u>